

**REGLUR**  
**um breytingu á reglum nr. 319/2009**  
**um inntökuskilyrði í grunnnám við Háskóla Íslands.**

1. gr.

Í stað orðanna „próf frá háskólagrunni“ í 2. másl. 1. mgr. 23. gr. reglnanna kemur: lokapróf frá tækni- og verkfræðigrunni eða tölvunarfræðigrunni við háskólagrunn.

2. gr.

Í stað orðanna „Próf frá háskólagrunni“ í upphafi 2. másl. 1. mgr. 24. gr. reglnanna kemur: Lokapróf frá tækni- og verkfræðigrunni við háskólagrunn.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „Próf“ í upphafi 2. másl. 1. mgr. kemur: Lokapróf.
- b. Á eftir orðunum „verk- og raunvísindadeild háskólabrúar“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: en sé lokapróf frá háskólagrunni HR skal það vera frá tækni- og verkfræðigrunni háskólagrunns.

4. gr.

Í stað orðanna „próf frá háskólagrunni“ í 2. másl. 1. mgr. 26. gr. reglnanna kemur: lokapróf frá tækni- og verkfræðigrunni eða tölvunarfræðigrunni við háskólagrunn.

5. gr.

Í stað orðanna „Próf frá háskólagrunni“ í upphafi 1. másl. 2. mgr. 27. gr. reglnanna kemur: Lokapróf frá tækni- og verkfræðigrunni við háskólagrunn.

6. gr.

Í stað orðanna „próf frá háskólagrunni“ í 2. másl. 1. mgr. 28. gr. reglnanna kemur: lokapróf frá tækni- og verkfræðigrunni eða tölvunarfræðigrunni við háskólagrunn.

7. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fengnum tillögum verkfræði- og raunvísindasviðs, eru settar samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 5. febrúar 2021.*

**Jón Atli Benediktsson.**

---

*Þórður Kristinsson.*